



Miðstöð menntunar og skólaþjónustu
B.t. Þórdísar Sigurðardóttur, forstjóra

Kópavogi, 8. júlí 2026
2607655/999.00 ABS

Efni: Beiðni um aðgang að niðurstöðum nemenda úr öllum grunnskólum Kópavogs

Í mars síðastliðnum voru stöðu- og framvindupróf Matsferils í lesskilningi og stærðfræði lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk í grunnskólum Kópavogs. Lesfimi er lögð fyrir þrisvar á skólaári; í september, janúar og maí. Prófin eru öll lögð fyrir í stafrænu prófakerfi sem á að einfalda úrvinnslu og framsetningu til grunnskóla, nemenda, foreldra og sveitarfélaga. Skólarnir hafa fengið niðurstöður afhentar og sömuleiðis hafa foreldrar nú aðgang að niðurstöðum í gegnum island.is.

Við undirbúning matsferils voru gefnar væntingar um að sveitarfélög fengju aðgang að niðurstöðum nemenda í öllum skólum í viðkomandi sveitarfélagi í þeim tilgangi að styrkja kennslufræðilega þætti í skólastarfi einstakra skóla og einnig að fylgjast með þróun á árangri. Enn sem komið er hafa sveitarfélög engan aðgang fengið að niðurstöðum nemenda.

Mikilvægt er að sveitarfélög hafi aðgang að niðurstöðum Matsferils fyrir nemendur í sínu sveitarfélagi þar sem þær veita dýrmætar upplýsingar um stöðu og framvindu nemenda í lesfimi, lesskilningi og stærðfræði. Slíkar upplýsingar gera sveitarfélögum kleift að greina styrkleika og áskoranir í skólastarfinu, forgangsraða úrræðum og stuðningi þar sem þörfin er mest og fylgjast með árangri aðgerða yfir tíma. Markviss nýting niðurstaðna eflir gæði skólastarfs og stuðlar að því að börn fái jöfn tækifæri til að ná sem bestum árangri í námi sínu. Þetta samræmist einnig þeirri hugmyndafræði við hönnun Matsferils að kennarar, skólar og sveitarfélög nýti gögn um námsframvindu til umbóta og þróunar á skólastarfi í þágu nemenda.

Án beins aðgangs að niðurstöðum Matsferils þurfa sveitarfélög að afla upplýsinga frá hverjum skóla fyrir sig og vinna þær saman með handvirkum hætti. Slík gagnasöfnun er bæði tímafrek og flókin. Þá er villuhætta talsverð ef hvert og eitt sveitarfélag á að vinna úr upplýsingum með handvirkum hætti. Án beins aðgangs að niðurstöðum er ljóst að sveitarfélög munu eiga erfitt með að fá heildstæða, rétta og tímanlega mynd af stöðu nemenda.



Beinn aðgangur að niðurstöðum á sveitarfélagsstigi myndi styrkja faglega greiningu, auðvelda markvissa ákvarðanatöku og stuðla að skilvirkari nýtingu fjármagns og stuðningsúrræða til hagsbóta fyrir nemendur og skólasamfélagið allt. Þetta styður jafnframt við markmið um aukið gagnsæi, markvissa skólaþróun og gæðastarf í menntakerfinu.

Sveitarfélög bera ríka ábyrgð á rekstri og þróun grunnskóla. Eins og staðan er í dag hafa þau takmarkaða möguleika á að greina stöðu nemenda á heildrænan og samræmdan hátt því þau hafa ekki beinan aðgang að niðurstöðum Matsferils.

Hér með er óskað eftir því að Miðstöð menntunar og skólaþjónustu taki saman og sendi Kópavogsbæ allar niðurstöður Matsferils nemenda í 4.-10. bekk í grunnskólum Kópavogs í lesfimi, lesskilningi og stærðfræði. Óskað er eftir að Kópavogsbær fái beinan aðgang að niðurstöðum nemenda úr öllum skólum sveitarfélagsins.

Virðingarfyllt,

Asdís Krúga Þórsdóttir
Asdís Krúga Þórsdóttir
Bæjarstjóri Kópavogs

Afrit:

Mennta- og barnamálaráðherra

Ráðuneytisstjóri Mennta- og barnamálaráðuneytis